

## **Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 3. mars 2021.**

Mætt voru á fjarfund í gegnum TEAMS:

Anna María Gunnarsdóttir (AMG) frá Kennarasambandi Íslands

Björk Óttarsdóttir (BÓ), formaður stjórnar

Dana Rán Jónsdóttir (DRJ), umsýsluaðili Sprotasjóðs

Jón Torfi Jónasson (JTJ), skipaður af háskólastiginu

Sonja Dögg Pálsdóttir (SDP) frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Svandís Ingimundardóttir (SI) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

---

Björk setti fundinn kl. 13:00 og Dana var fundarritari.

### **Sjöunda lota í yfirferð umsókna**

Farin var lokayfirferð yfir upphæðir hvers verkefnis og þær samþykktar.

Smávægilegar breytingar voru gerðar á svarbréfum.

Umræða var tekin um þau verkefni sem hljóta meira en 50% skerðingu. BÓ kom með þá tillögu að breyta fyrirkomulaginu þannig að ábyrgðaraðili verkefnis sem hlýtur styrk sem nemur minna en 35% af styrkumsókn þarf að skila inn nýrri verk- og kostnaðaráætlun fyrir undirritun samnings við Sprotasjóð. Fékk þessi tillaga einróma samþykki.

Stjórn ræddi stuttlega um þann möguleika að halda málstofu í nóvember á þessu ári um það hvað skal hafa í huga þegar skrifuð er umsókn í Sprotasjóð. Einnig væri möguleiki að búa til glærुकynningu, sem sett yrði á heimasíðu Sprotasjóðs, um hvað það er sem skiptir máli þegar stjórnin fer yfir umsókn.

BÓ, DRJ og SDP munu hittast á stuttum fundi þann 9. mars og senda inn minnisblað til ráðherra. Fyrir þann fund mun DRJ útbúa drög af minnisblaðinu og senda til BÓ.

**Fundi slitið kl. 14:20**